



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2021

2109018SA KB/bg
Málalykill: oo.64

Efni: Umsögn um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar, mál nr. S-169/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 2. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013.

Almennt

Síðasta vor voru samþykktar breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem heimila sveitarstjórnarfólki að taka þátt með rafrænum hætti á fundum sveitarstjórna og nefnda og ráða á vegum sveitarfélaga. Sú breyting felur í sér að breyta þarf leiðbeiningum sveitarstjórnarráðuneytisins um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar. Frá upphafi kórónuveirufaraldursins hafa sveitarfélög almennt haft góða reynslu af notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna sem og annarra nefnda og ráða innan sveitarfélaga. Búast má við því að sveitarfélög haldi áfram að halda fjarfundi að einhverju leyti jafnvel þótt kórónuveirufaraldurinn sé vonandi í rénun. Er því mikilvægt að leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna séu uppfærðar. Sambandið hvetur einnig til þess að auglýsing um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélags verði uppfærð þar sem fjöldi sveitarfélaga hefur nú þegar sýnt áhuga á því að breyta sínum samþykktum til að festa í sessi möguleika á fjarfundum.

Auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna

3. gr. Gerðabók

Flest ef ekki öll sveitarfélög nýta sér heimild núgildandi leiðbeininga til þess að færa fundargerð í tölvu. Í lok fundar er fundargerðin prentuð út og undirrituð og reglulega eru þær bundnar inn til varanlegrar varðveislu í samræmi við núgildandi leiðbeiningar. Sé fundargerð færð í tölvu þarf engu að síður að halda úti gerðabók þar sem fram koma helstu upplýsingar um hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sóttu fundinn og blaðsíðutal fundargerðar er færð var í tölvu. Í gerðabók kemur þó hvergi fram hvaða mál voru á dagskrá eða hvaða ákvarðanir voru teknar á fundinum.

Að mati sambandsins er komin upp sú stund að fella niður skyldu til að halda gerðabók eða í raun mætti segja að fundargerð sem færð er í tölvu sé rafræn gerðabók sem er síðan prentuð út, undirrituð og innbundin. Sé fundargerð haldin með rafrænum hætti þá koma þar fram allar mikilvægustu upplýsingarnar sem hafa varðveislugildi, þ.e. hvaða mál voru á dagskrá, ákvarðanir sveitarstjórna og bókanir.

Í raun bætir gerðabókin engu við og hefur takmarkað sögulegt gildi. Ætti því að vera fullnægjandi að kveða á um að fundargerðir sem færðar eru í tölvu séu undirritaðar og síðan bundnar inn reglulega til varanlegrar varðveislu og að óþarfi sé að halda sérstaka gerðabók.

Hér vaknar einnig spurning um rafræn skil skjalasafna sveitarfélaga til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafns en ef sveitarfélag er með samþykkt fyrir rafrænum skilum til Þjóðskjalasafns þá fara gerðabækur ekki til varanlegrar varðveislu heldur eingöngu rafrænt eintak af fundargerðum. Hvatt er til þess að eiga samráð við Þjóðskjalasafn um mikilvægi varðveislu gerðabóka ef fundargerð er færð inn í tölvu.

4. gr. Efni fundargerða

Í c. lið 4. gr. er tilgreint að í fundargerð skuli tilgreina nöfn viðstaddra sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna, varamanna og fyrir hverja þeir sitja og eftir atvikum annarra sem fundinn sátu. Að mati sambandsins er æskilegt að það komi einnig fram í fundargerð hvort og þá hverjir tóku þátt á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

9. gr. Undirritun í gerðabók

Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. skal fundargerð lesin upp í lok fund en í reynd er fundargerð í flestum til fellum lesin yfir í lok fundar. Fundargerðir geta í mörgum tilfellum verið mjög langar og ítarlegar og getur tekið mjög langan tíma að lesa upp fundargerð ásamt því sem flestir eiga auðveldara með að sjá atriði er þarf að leiðrétta við yfirlestur fundargerða. Er því hvatt til þess að 9. gr. sé breytt þannig að fram komi að fundargerð skuli lesin yfir af öllum fundarmönnum og síðan undirrituð. Sambærilegt ákvæði er í 10. gr. þar sem fjallað er um undirritun fundargerða fjarfunda og sambærileg breyting þarf að eiga sér stað í þeirri grein.

Í 3. mgr. 9. gr. er notuð skammstöfunin m.e.h. Mikilvægt er að sveitarstjórnarfolk með ólíkan bakgrunn geti kynnt sér leiðbeiningarnar og þrátt fyrir að umrædd skammstöfun sé þekkt meðal lögfræðinga er hún lítið notuð utan þeirrar fræðigreinar. Til þess að gera leiðbeiningarnar aðgengilegri fyrir allt sveitarstjórnarfolk er hvatt til þess að útskýring á skammstöfuninni komi fram t.d. innan sviga. Er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem umrædd skammstöfun kemur almennt ekki fram í íslensku orðabókinni heldur eingöngu í lögfræðiorðasafni.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna.

2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga skal mæla fyrir um heimild sveitarstjórnarmanna til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórna og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Sambærilegt orðalag er notað í 1. mgr. 2. gr. þessara leiðbeininga en í lok 2. gr. lítur út fyrir að búið sé að takmarka heimildina við nefndarmenn í byggðaráði og annarra fastanefnda. Mikilvægt er að heimildin nái til allra nefnda og ráða á vegum

sveitarfélagsins en ekki eingöngu fastanefnda og því er lagt til að orðalagi 4. mgr. 2. gr. sé breytt til samræmis við 1. mgr. 2. gr. leiðbeininganna sem og 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um hvernig eigi að bregðast við ef fundarmaður á fjarfundi missir samband við fundinn. Fram kemur meðal annars að heimilt sé að halda fundi áfram ef fundarmaður veiti samþykki fyrir því að fundi verði haldið áfram. Sambandið hvetur ráðuneytið til að taka til skoðunar hvort setja ætti í leiðbeiningarnar nánari útlistun á því hvernig slíkt samþykki getur farið fram og sönnun þess. T.d. að samþykki geti komið fram í síma og skal bæði oddviti og fundarritari heyra slíkt samþykki og skrá í fundargerð.

Uppsetning leiðbeininganna


Sambandið hvetur til þess að greinarnar í leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna fái heiti líkt og greinar í leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna. Þannig er hægt að koma á samræmdri uppsetningu leiðbeininga frá ráðuneytinu ásamt því sem auðveldara er að vísa til tiltekinna greina.

Að lokum

Sambandið er nú sem áður tilbúið til að fylgja eftir ofangreindum tillögum á fundi með ráðuneytinu. Sambandið hvetur einnig til þess að vinnu sé flýtt eins og kostur er þannig að sveitarfélögum gefist kostur á að breyta sínum samþykktum áður en núgildandi bráðabirgðaheimild fyrir fjarfundum fellur úr gildi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri